

Þjálfaranámskeið í áhaldafimleikum karla

Dagana 24.-28. apríl kemur til okkar breski landsliðsþjálfariinn Barry Collie. Barry hefur verið landsliðsþjálfari í Bretlandi síðan 2005 og er núverandi þjálfari karlaliðsins. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna á stórmótum með bæði unglunga og karlaliðið. Þetta er því einstakt tækifæri fyrir þjálfara í karlafimleikum að læra af einum færasta þjálfara heims í dag.

Dagskrá námskeiðsins er enn í vinnslu en gera má ráð fyrir að þeir sem sitja allt námskeiðið fái metna meiri hluta verklegra þátta þjálfaranámskeiða 1A,B,C og 2A í fræðslukerfi FSÍ. Tekið skal fram að sitja þarf bóklega hluta námskeiðanna og þá verklegu hluta sem ekki eru kenndir á þessu námskeiði.

Námskeiðsgjald er 30.000 kr.

Skráning fer fram í þjónustugátt FSÍ og lokast mánudaginn 15. apríl kl.23:59.

Fyrir hönd Fræðslunefndar og TK,
Helga Svana Ólafsdóttir,
fræðslustjóri.

